



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035
BREYTINGAR | VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA,
ATHAFNASVÆÐI, FLUGVELLIR, EFNISTÖKU OG
EFNISLOSUNARSVÆÐI, HAFNIR, ÍBÚÐARBYGGÐ,
VEITU OG HELGUNARSVÆÐI

Lýsing skipulagsverkefnis

Febrúar 2024



22630

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	05.02.2024	ÍAK	HTT	

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Forsendur – gildandi skipulag	3
2.1	Aðalskipulag	3
2.2	Deiliskipulag	3
2.3	Deplar í Fljótum	4
2.4	Verslun og þjónusta við Haganesvík (VP-13) og (VP-14)	4
2.5	Athafnasvæði Stóru-Brekku (A-2)	5
2.6	Verslun og þjónusta við Gýgjarhól (VP-14, VP-15 og VP-16) og skógræktar- og landgræðslusvæði (SL-8)	5
2.7	Verslun og þjónusta við Hofsstaði (VP-8)	6
2.8	Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Sauðárkróki (E-401) og (E-404)	6
2.9	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E-48) Litla-Gröf 2	7
2.10	Hafnir (H-401) á Sauðárkróki	8
2.11	Íbúðarbyggð ÍB-404	8
2.12	Veitur og helgunarsvæði VH-401	8
3	Umhverfismat	9
3.1	Matsskylda	9
3.2	Tengsl við aðrar áætlanir	9
3.3	Nálgun og áherslur matsvinnu	9
3.4	Valkostir	10
3.5	Matsspurningar	10
4	Kynning og samráð	11
4.1	Samráð	11
4.2	Umsagnaraðilar	11
5	Skipulagsferli	12

1 Inngangur

Í undirbúningi eru nokkrar breytingar á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Hér er sett fram lýsing skipulagsverkefnisins sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem kveðið er á um að við upphaf skipulagsgerðar skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Skipulagslýsing er fyrsta skrefið í undirbúningi skipulagsáætlana og er ætlað að upplýsa hagaðila og umsagnaraðila strax í byrjun um fyrirhugaða tillögugerð, viðfangsefni hennar og áherslur í þeirri skipulagsvinnu sem fram undan er.

Jafnframt skal haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfismatsskýrslu, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

2 Forsendur – gildandi skipulag

2.1 Aðalskipulag

Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 var staðfest 4. apríl 2022. Fyrirhugaðar breytingar taka til eftirfarandi svæða og landnotkunar:

- Deplar í Fljótum
 - **Verslun og þjónusta VP-2** Breytt afmörkun og aukið byggingarmagn
 - **Flugvöllur FV-1** Einkalendingarstaður í landi Depla
- **Verslun og þjónusta VP-12 og VP 13** Brautarholt-Mýri og Efra-Haganes I (lóð 3) breytt notkun lóðar.
- **Athafnasvæði AT-2** Stóra-Brekka breytt landnotkun innan lögbýlis.
- **Gýgjarhóll**, breytt landnotkun
 - **Skógræktar og landgræðslusvæði SL-8**
 - **Verslun og þjónusta VP-14, VP-15 og VP-16**
- **Verslun og þjónusta VP-8** Breytt afmörkun og aukið byggingarmagn
- **Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 og E-404** Breytt afmörkun á efnistöku- og efnislosunarsvæði.
- **Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-48** Nýtt efnistökusvæði í landi Litlu-Grafar 2
- **Hafnir H-401** Breyting á byggingarmagni.
- **Íbúðarbyggð IB-404** Breyting á byggingarmagni.
- **Veitur og helgunarsvæði VH-401** Afmörkun helgunarsvæðis fyrir lagnir á Sauðárkróki.

2.2 Deiliskipulag

Á verslunar- og þjónustusvæðinu VP-2 er í gildi *Deiliskipulag, Deplar, ferðaþjónusta*, samþykkt 22. febrúar 2021 með síðari breytingum 20. júlí 2022. Breytingin á VP-2 miðar að því að samræma aðalskipulag og deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag fyrir Sauðárkrókhöfn var staðfest 20.04.2022. Breytingin á H-401 miðar að því að samræma aðalskipulag og deiliskipulag.


Samhliða aðalskipulagsbreytingum þessum er unnið að deiliskipulagi fyrir Hofsstaði VP-8 og íbúðarbyggð (ÍB-404) á Sauðárkróki.

2.3 Deplar í Fljótum

Verslun og þjónusta (VP-2)

Við deiliskipulagsgerð svæðisins hafa forsendur þess skýrst og er talin þörf á að breyta byggingarmagni í greinargerð aðalskipulags og afmörkun svæðisins.

- Verslunar og þjónustusvæði við Ólafsfjarðarveg. Þar er heimilt að byggja allt að 3.000 m² en núverandi byggingar eru um 2.685 m². Lagt er til að breyta leyfilegu byggingarmagni í 3.500 m². Lögð er til breyting á afmörkun landnotkunar úr punkti í fláka. Stærð svæðis verður 3,8 ha.



Mynd 1: Svæði fyrirhugaðra breytinga á Deplum í Fljótum á sveitarfélagsupprætti í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035


Flugvöllur Deplar í Fljótum (FV-1)

- Bæta við flugvelli inn á sveitarfélagsuppráttinn. Lendingarstaður er staðsettur við Stífluá í landi Depla. Um einkalendingarstað er að ræða tengdan ferðaþjónustu á Deplum. Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 er þetta svæði í flokki L3 í flokkun landbúnaðarlands. Í flokki L3 annað landbúnaðarland er land sem síður hentar til jarðræktar vegna breytilegra landgerða. Það land getur þó hentað til beitar eða nytjaskógræktar. Einnig er uppbygging og mannvirkjagerð heimil á þessum svæðum að uppfylltum skipulagsákvæðum.

2.4 Verslun og þjónusta við Haganesvík (VP-12) og (VP-13)

- Tillaga að breyttri landnotkun lands við Haganesvík, annars vegar við Efra-Haganes (lóð 3) og hins vegar við Brautarholt-Mýri.
- Efra-Haganes I (lóð 3) stendur við sjóinn á Haganesi, gamla verslunarhúsið í Haganesvík, fyrrum kaupúni í Fljótum. Húsnæðinu hefur verið breytt í hljóðupptökuver sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu í Fljótum.

- Brautarholt-Mýri er sumarhúsalóð í landi Brautarholts á Haganesi í Fljótum. Á lóðinni stendur gamall sumarbústaður en til stendur að byggja nýtt hús, 8 herbergja gistihús á tveimur hæðum. Hús í næsta nágrenni eru í 60-120 m fjarlægð frá fyrirhuguðum byggingarreit. Nýbygging mun ekki skerða útsýni nágannahúsa.



Mynd 2: Svæði fyrirhugaðra breytinga í Fljótum á sveitarfélagsupprætti í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035


2.5 Athafnasvæði Stóru-Brekku (A-2)

- Lögð er fram tillaga um að skilgreina athafnasvæði í dreifbýli á Stóru-Brekku. Á Stóru-Brekku er stoðþjónusta við ferðaþjónustu í Fljótunum. Með breytingunni er eigendum Stóru-Brekku gert kleift að efla uppbyggingu á geymsluhúsnæði og verkstæði tengda tækjum og bifreiðum sem nýttar eru í ferðaþjónustu.

2.6 Verslun og þjónusta við Gýgjarhól (VP-14, VP-15 og VP-16) og skógræktar- og landgræðslusvæði (SL-8)

Áform um uppbyggingu á ferðaþjónustu á Gýgjarhóli, Gýgjarhóli 1 og Gýgjarhóli 2.

- Landskipti hafa verið á Gýgjarhóli og jörðinni skipt upp í nokkrar landspildur.
- Lögð er fram breyting á landnotkun á landspildum á Gýgjarhóli, Gýgjarhóli 1 og Gýgjarhóli 2. Svæðið er við Sauðárkróksbraut, á milli Sauðárkróks og Varmahlíðar. Núverandi landnotkun svæðisins er landbúnaðarsvæði í flokki I og II. Áform eru um uppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Afmarkað fyrirhugað skógræktarsvæði á Gýgjarhóli og Gýgjarhóli 1 í hlíð ofan 90 m hæðar. Áætlað skógræktarsvæði er 33 ha. Núverandi landnotkun á svæðinu er landbúnaðarsvæði í flokki III.




Mynd 3: Svæði fyrirhugaðra breytinga við Gýgjarhól á sveitarfélagsupprætti í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

2.7 Verslun og þjónusta við Hofstaði (VP-8)

Áform eru um aukna uppbyggingu í ferðaþjónustu á Hofsstöðum. Tvær lóðir, Hofstaðir lóð 1 og Hofstaðir lóð 2 verða nýttar áfram fyrir ferðaþjónustu.

- Nýtt deiliskipulag er í vinnslu fyrir Hofstaði Sveitasetur. Gerð verður breyting á Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035 í samræmi við það.
- Verslun og þjónusta við Hofstaðasel (VP-8). Þar er heimilt að byggja allt að 2.000 m² en núverandi byggingar eru um 991 m². Lögð er til breyting á afmörkunar landnotkunar úr punkti í fláka. Stærð svæðis verður 5,0 ha.




Mynd 4: Svæði fyrirhugaðra breytinga við Hofstaði á sveitarfélagsupprætti í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

2.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Sauðárkróki (E-401) og (E-404)

Núverandi efnistökusvæði- og efnislosunarsvæði E-401 verður skipt upp í tvö aðskilin svæði og skilmálum í aðalskipulagi verður breytt.

- Breytingin felur í sér breytta afmörkun fyrir efnistökusvæði E-401. Svæðið stækkar til suðausturs. Nýtt svæði sem tekið verður til efnistöku hefur verið nýtt sem beitarsvæði. Vestur hluti svæðisins verður afmarkað sem efnislosunarsvæði E-404. Hluti þess sem áður var E-401 verður grætt upp og sameinast OP-405 og myndar tengingu við mótórcross svæðið ÍP-403. Heildarstærð efnistöku og efnislosunarsvæðis minnkar.




Mynd 5: Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E-401) á þéttbýlisuppdrætti Sauðárkrúks í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

2.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði Litlu-Gröf 2 (E-48)

Áform eru á nýju efnistökusvæði í landi Litlu-Grafar 2.

- Lögð er fram breyting á landnotkun á hluta jarðarinnar Litlu-Grafar 2 (L 232798) í efnistökusvæði. Reynistaðanámu (E-45) hefur verið lokað sem þjónað hefur svæðinu milli Sauðárkrúks og Varmahlíðar. Því er þörf á nýju efnistökusvæði.
- Efnistaka í Litlu-Gröf 2 myndi nýtast til uppbyggingar á þessu svæði næstu áratugin. Heildarflatarmál nýja efnistökusvæðisins verður 6,92 ha.



Mynd 6: Svæði fyrirhugaðra breytinga við Litlu-Gröf 2

2.10 Hafnir á Sauðárkróki (H-401)

- Aukið byggingarmagn innan svæðis H-401 Sauðárkrókshafnar í samræmi við gildandi deiliskipulag.

2.11 Íbúðarbyggð á Sauðárkróki (ÍB-404)

- Aukið byggingarmagn innan svæðis ÍB-404 Ránarstígur – Hegrabraut í samræmi við nýtt deiliskipulag sem er í vinnslu fyrir hluta af svæðinu, Víðigrund og hluta Smáragrundar. Breytingin felur í sér að fjöldi nýrra íbúða innan ÍB-404 verður 20 íbúðir. Heildarfjöldi íbúða verður 280 eftir breytingu.

2.12 Veitur og helgunarsvæði á Sauðárkróki (VH-401)

Áform eru um nýja staðsetningu á fiskeldi og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum á Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að nýta sjóveitu í fiskeldi háskólans.

- Afmörkun helgunarsvæðis veitna á Sauðárkróki skammt vestan við vegamót Sauðárkróksbrautar og Strandvegar. Gert er ráð fyrir fráveitu og sjóveitu á þessu svæði.
- Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á umfangi sjóveitu né lengd sjóveitulagnar.
- Samkvæmt gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir dælustöð og nýrri útrás fráveitu. Endanleg hönnun á því liggur ekki fyrir.



Mynd 7: Svæði fyrirhugaðra breytinga á Sauðárkróki



3 Umhverfismat

3.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöku aðalskipulags, deiliskipulags og stigskiptri áætlanagerð. Nánar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögum svæðanna.

3.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Gerð verður grein fyrir tengslum og samræmi skipulagstillögu við aðrar áætlanir og stefnur. Helstu áætlanir og stefnuskjöl sem höfð eru til hliðsjónar eru eftirtalin:

- Landskipulagsstefna
 - Leiðarljós: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkun styðji við samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.
- Húsnæðisáætlun Skagafjarðar
 - Lóðir og skipulag.
- Umhverfisstefna Skagafjarðar
 - Markmið um loftslagsmál, vernd náttúruminja, úrgangsmál og umhverfisfræðslu.
- Deiliskipulagsáætlanir á breytingarsvæðunum.

Einnig er höfð hliðsjón af markmiðum í öðrum stefnuskjöllum stjórnvalda, lögum og reglugerðum sem snerta viðfangsefni breytingartillagna sbr. töflu 4.1 í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

3.3 Nálgun og áherslur matsvinnu

Umhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð breytingar á aðalskipulagi. Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún vísar frá gildandi aðalskipulagsstefnu. Til hliðsjónar verður umhverfisskýrsla Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

Helstu áhrifaþættir breytingartillögu á umhverfið felast í mannvirkjagerð, húsbýggingum og innviðum, nýtingu auðlinda s.s. lands og vatns.

Breytingar kunna að hafa áhrif á náttúrufarsþætti, ásýnd og samfélagsþætti svo sem byggð, samfélagsþjónusta og atvinnustarfsemi. Aðrir áhrifaþættir sem kunna að koma fram í skipulagsvinnunni verða einnig skoðaðir m.t.t. umhverfisáhrifa eftir því sem við á.

Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfisþætti er stuðst við matsspurningar og viðmið, sjá töflu 4.1. Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif geti talist mjög neikvæð og ef svo reynist verður brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

3.4 Valkostir

Umfjöllun um valkosti snýr fyrst og fremst að þeim breytingum sem lagðar eru fram og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á skilgreinda umhverfisþætti (tafla 3.1).

Til samanburðar er einnig gerð grein fyrir óbreyttri stefnu aðalskipulags (núllkostur).

3.5 Matsspurningar

Umfjöllun um umhverfisáhrif aðalskipulagsins miðar að því að fjalla fyrst og fremst um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi. Í töflu 3.1 er yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem verða til skoðunar í skipulagsvinnunni eftir því sem við á.

Tafla 3.1 Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti.

Umhverfisþáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Náttúrufarar	Jarðfræði og jarðmyndanir	Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?	Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, m.a. 61. gr. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013 Samráð/álit: Umhverfisstofnun.
	Vatnafar	Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1.000 m ² ? Ár og læki?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.
	Lífriki (gróður og dýr)	Verndarsvæði? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði? Votlendi? Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013. Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða.
Landslag	Landslag/ ásýnd	Náttúrulegt landslag ? Ásýnd Skagafjarðar? Víðerni? Landslagsheildir?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Landsskipulagsstefna 2015-2026
Loftslag	Loftgæði/ Kolefnislosun	Loftgæði? Losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun og samgöngum?	Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar.
Samfélag	Efnahagur	Atvinnuuppbyggingu?	Skipulagslög nr. 123/2010
	Byggð	Íbúðar- og atvinnuhúsnæði? Byggðamynstur?	Landsskipulagsstefna 2015-2026 Heimsmarkmið Sþ, m.a. markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.
	Félagslegt umhverfi	Samfélagsþjónustu? Verslun- og þjónustu? Afbreytingu? Lífsgæði?	Stefna sveitarfélagsins Skagafjarðar, m.a. húsnæðisáætlun og umhverfisstefna. Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024.
	Samgöngur	Akstursvegalemdir? Þjónustustig samgöngukerfis?	Samgönguáætlun 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2019-2023.



Umhverfis- þáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
	Menningar- minjar	Fornminjar? Búsetulandslag og byggingararf?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
	Landnotkun	Landbúnaðarland?	Skipulagslög nr. 123/2010 Jarðalög nr. 81/2004, sbr. 1. gr. markmið að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Heilsa- og öryggi	Heilsa	Hljóðvist? Aðstöðu til heilsuþættandi lífsmáta, hreyfingu, útivist?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Heimsmarkmið SP, sbr. markmið 3 heilsa og vellíðan.
	Öryggi	Áhrif á öryggi íbúa og lögaðila? Náttúruvá á núverandi byggðasvæðum og fyrirhuguðum m.t.t. flóðahættu, sjávarstöðu og jarðskjálfta?	Reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Samráð/álit: Samgöngustofa, Siglingasvið Vegagerðarinnar, Veðurstofa Íslands.

Við mótnun nýs skipulags og ákvarðana um landnotkun verður horft til þess að stuðla að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu, stuðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Í því fellst m.a. að framkvæmd skipulagsins gangi ekki á líffræðilega fjölbreytileika, skerði ekki gæði og aðgengi að neysluvatni, taki mið af landslagi og jarðmyndunum og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfismatið er einnig notað til að meta hvort að framkvæmd skipulags falli að markmiðum sveitarfélagsins t.d. um eftirsóknarverðan búsetukost, fjölbreytt atvinnulíf og grunnþjónustu. Umhverfismatið mun að mestu byggja á fyrirliggjandi gögnum um umhverfisþætti.

4 Kynning og samráð

4.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Kynnt verður vinnslutillaga og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar verður breytingartillaga fullgerð og svo auglýst og send umsagnaraðilum.

Ekki er nauðsynlegt að allar tillögur að breytingum verði auglýstar samhliða.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu og (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrsla verða aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar skagafjordur.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

4.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum eftirtalinna aðila við lýsingu þessa, vinnslutillögu og endanlega auglýsta breytingartillögu ásamt umhverfismatsskýrslu hennar.

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin



- Skógræktin
- Veðurstofan
- Ferðamálastofa
- Skagafjarðarveitur
- RARIK

5 Skipulagsferli

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Skipulagslýsing: Áherslur/markmið, forsendur og fyrirliggjandi stefnur, samráðs- og skipulagsferli: febrúar 2024
2. Breytingartillaga, forsendur og umhverfismat – kynning á vinnslustigi: Mars 2024
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Mars - apríl 2024
4. Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Júní 2024